

## Fundargerð stjórnar Tækniminjasafns Austurlands

Þriðjudagur 17. október 2023 kl. 17.00 á Teams.

### Mætt

Skúli Vignisson formaður, Bjarki Borgþórsson varaformaður, Tinna Guðmundsdóttir, Jónína

Brynjólfsdóttir og Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir.

Vantar: Ingirafn Steinarsson

### Dagskrá

#### 1. Starfsmannamál.

- a. Rætt um stöðu safnstjóra. Formanni falið að vinna að samkomulagi um tímabundna samninga við safnstjóra byggða á núverandi og áframhaldandi fyrirkomulagi.

#### 2. Angró

- a. Fundað hefur verið tvisvar sinnum með arkitektum, verkfræðingum auk starfsmanna safnsins þar sem farið var í grunnhugmyndir sem þarf að tala sig niður á áður en lengra er haldið. Skipta var niður verkum og mun verður þriðji fundur bráðlega.
  - i. Um er að ræða verk sem þarf að bjóða út enda fellur safnið undir skilgreiningu um opinberan aðila þar sem við erum fjármögnuð að mestu hluta með opinberu fé.
  - ii. Unnið er nú að deiliskipulagi af hálfu sveitarfélagsins og hafa skipulagsfulltrúar sem vinna að því verið í samskiptum við okkar hönnunarteymi. Nákvæm staðsetning hússins og bryggjunnar er því að skýrast
  - iii. Gingi er í samskiptum við Pétur Ármannsson hjá Minjastofnun um útfærslur sem uppfylli kröfur er varða endurbyggingu. Tryggja þarf að húsið uppfylli allar kröfur er varðar safnastarf og varðveislu en sé jafnframt trútt uppruna sínum.
  - iv. Hanna þarf frekar til að hægt sé að fara í kostnaðarmat að nýju en til þess þarf að klára byggingarlýsingu sem unnin verður í þessari viku og áætlað að kostnaðarmat vinnist í þeirri næstu.
  - v. Huga þarf að brunahönnun.
- b. Fjármagn til endurbyggingar.
  - i. Múlaping hefur tilkynnt okkur um fjárhæð sem kemur frá forsætisráðuneytinu í gegnum Minjastofnun sem fylgir húsinu og það eru 150 milljónir. Þær eru ætlaðar í endurbyggingu Angró án innréttinga.
  - ii. Múlaping mun láta um 22 milljónir fylgja með húsinu sem komu í tryggingarbætur.
- c. Starfsmenn
  - i. Rætt um þá starfsmenn sem koma til starfa vegna verkefnisins sem Angró er og forsendur þess sem starfsmenn eru ráðnir til verksins. Stjórn gefur skýr fyrirmæli um forsendur.

#### 3. Umsóknir vegna verkefna 2024



- a. Unnið er nú að ársskýrslu vegna ársins í ár til að gera að nýju umsókn til Fjárlaganefndar um rekstur, alls 15 milljónir.
  - b. Sækja þarf um hærra framlag frá Múlaþingi og er sú vinna einnig í gangi.
  - c. Uppbyggingarsjóður
    - i. Sótt var um fyrir hönnun sýningar í Angró, fyrsti fasi, fræðsluverkefni og nýrri sýningu á Lónsleirunni er tengist kvennasögupingi sem haldið verður á næsta ári.
  - d. Safnasjóður
    - i. Sækja um fyrir hönnun sýningar í Angró, fyrsti fasi, skráningu safnmuna og fleiri smærri verkefnum.
  - e. Húsafriðunarsjóður
    - i. Þak í millibyggingu á Vélsmiðjunni
  - f. Sækja þarf um hjá fyrirtækjum auk þess sem kanna þarf hvort hægt sé að sækja um styrki á evrópuvísu eða frá Noregi í tengslum við endurbyggingu Angró.
4. Aðalfundur og ársreikningur
    - a. Halda þarf ársfund nóvember og er stefnt að 14. Nóvember.
  5. Önnur mál
    - a. Farskóli safnamanna var flottur og fræðandi fyrir okkar starfsfólk.
    - b. Skemmtiferðaskip 2024
      - i. Komin með samkomulag um móttöku hópa á næsta ári og erum að bíða staðfestingar á fjölda hópa.

Fundi slitið kl. 18.38